

Alþingi, umhverfis og samgöngunefnd
sent í samráðsgátt Alþingis

Ísafirði 9. desember 2025

Umsögn; 265. mál 157. löggjafarþing – Breyting á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfis- og orkumála

Umsögn þessi er unnin af Vestfjarðarstofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga samkvæmt samningi aðila um framkvæmd verkefna Fjórðungssambandsins.

A. Tillaga um breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998

Landshlutasamtök sveitarfélaga á Vestfjörðum og Austfjörðum, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Austurlandi höfðu frumkvæði á sínum tíma og studdu gerð strandsvæðaskipulags við Austfirði og Vestfirði sem unnin voru á grundvelli laga 88/2018 um skipulag haf og strandsvæða.

Skipulagsáætlanir strandsvæða við Austfirði og Vestfirði voru staðfestar af ráðherra í mars 2023 og frá staðfestingu þeirra hafa landshlutasamtökin síðan fylgst með þróun strandsvæðaskipulagsins og vinnu svæðisráða að framkvæmd þeirra.

Í því þingmáli sem hér er til umsagnar, er það að mati Fjórðungssambands Vestfirðinga að auka þurfi við ákvæði tillögu að breytingu á lagagreinum þar sem nú sé aukið við gildissvið laganna með útgáfu leyfa utan netlaga sveitarfélaga. Fjórðungssambandið telur að þau fari þar með að snerta ákvæði strandsvæðaskipulags, bæði gildandi og þeim sem síðar munu verða unnin.

Hér er um að ræða 11. gr frumvarpsins sem gerir tillögu að breytingu á lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Tillagan er sem hér segir;

Í stað orðanna „vatnsafla til raforkuframleiðslu“ í 2. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur:orkulindum til undirbúnings raforkuvinnslu, sbr. 40. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, á íslensku forráðasvæði innan sem utan netlaga.

Í skýringum frumvarpsins við 11. gr segir að ætlun sé að opna á heimild til að veita rannsóknarleyfi til undirbúnings vindorkuvera og sjávarfallavirkjana jafnt innan sem utan netlaga. Því telur Fjórðungssambandið að útgáfa leyfa fari þar með inn á skilgreind strandsvæði, sem er afmarkað svæði í ákvæðum laga um haf og strandsvæði 88/2018 í 4. og 5. tölulíð 3. gr¹.

¹ 4. *Strandsvæði*: Svæði frá netlögum að þeirri viðmiðunarlínu sem tilgreind er í 1. mgr. [5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997](#).

5. *Strandsvæðisskipulag*: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið strandsvæði þar sem koma fram markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnýtingu og vernd á tilteknu svæði og hvers konar framkvæmdir falla að nýtingu á svæðinu. Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags afmarkast við strandsvæði. Önnur afmörkun er ákveðin í stefnu um skipulag haf- og strandsvæða hverju sinni.



Ákvæði 11. gr frumvarpsins snertir ákvæði 3. mgr 1. gr nr. 57/1998 en þar segir að náttúruverndarlög og skipulagslög gildi um þau leyfi sem veitt eru til rannsókna og nýtingu. Telur Fjórðungssambandið að veiting leyfa á þessum grundvelli beri einnig að ná til laga um haf og strandsvæðaskipulag enda er verið að færa gildissvið laganna til svæða utan netlaga.

Fjórðungssambandið beinir því til umhverfis og samgöngunefndar að gerð verði breyting á 11. gr frumvarpsins með því að aukið verði við 3. mgr 1. gr og sett inn ákvæði um lög um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, gildi einnig lög um haf og strandsvæðaskipulag líkt og með skipulagslög og náttúruverndarlög. Málsgreinin með breytingum, feitlettrað, verði sem hér segir

Um rannsóknir og nýtingu samkvæmt þessum lögum gilda einnig náttúruverndarlög, [skipulagslög], **[lög um skipulag haf og strandsvæða]** og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.

B. Hlutverk heilbrigðisnefnda

Í umfjöllun í greinargerð um meginefni frumvarpsins er í kafla 3.12 vikið að hlutverki heilbrigðisnefnda. Vísað er til að ráðherra hafi áform um breytingar á hlutverki þeirra með breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr 7/1998 og huga verði að samspili frumvarpsins við væntanlegt frumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Framangreind áform hafa verið kynnt og kallað eftir umsögnum í Samráðsgátt². Í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga er kynnt ályktun 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti³ þar sem ítrekað er mikilvægi hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um land allt.

Nánar segir að áform um breytingar á lögum er varða starfsemi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga verði að gera í nánú samstarfi við sveitarfélögin og samtök þeirra, en þeir aðilar eru sammála mikilvægi einföldunar regluverks. Hinsvegar að mikilvægt sé að þjónusta verði áfram aðgengileg og sérfræðistörf haldist í heimabyggð, sem má síðan tengja við að sé í takti við markmið og aðgerðir Byggsááætlunar um eflingu á opinberri starfsemi utan höfuðborgarsvæðis.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur því mikilvægt að efni frumvarps sem hér er til umsagnar taki tillit til þessara sjónarmiða sem koma fram í ályktun Fjórðungsþings Vestfirðinga

Vestfjarðastofa og Fjórðungssamband Vestfirðinga áskilja sér síðan rétt til að fjalla um framangreint mál á síðari stigum og lýsir sig reiðubúin til fundar með umhverfis- og samgöngunefnd um efni umsagnar.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalstein Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar

² <https://island.is/samradsgatt/mal/4045>

³ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjorungsting/70thing/70haust/thingskjal-28-alyktun-um-fyrirhugadar-breytingar-a-efniriti-med-hollustuhattum-mengunarvornun-og-matvaelum.pdf>